

www.blind.is

Ágúst 2021

# VÍÐSJÁ

Rit Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi  
13. árg. 2. tbl. 2021

Blindravinnustofan  
og PYKJÓ

Emblu-boxið  
Fyrsti íslenski  
snjallhátalarinn

Íslensk sjónlýsing á  
þáttaröðinni Kötlu

**Leiðin til Tókýó**  
Patrekur Andrés Axelsson í viðtali



# Verkur, eymsli, þroti?

## Diclofenac Teva hlaup

Til staðbundinnar meðferðar útvortis á vöðvum og liðum.

**Diclofenac Teva** er hlaup sem inniheldur virka efnið diklófenak. Lyfið er notað útvortis við verkjum, eymslum og þroti í liðum og vöðvum vegna bólgu. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. **Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is)**

Markaðsleyfishafi Teva B.V. Umboðsaðili er Teva Pharma Iceland ehf.

**teva**



# AÐ HORFA Í BAKSÝNISSPEGIL FRAMTÍÐARINNAR!

Ávarp formanns - Sigbór Hallfreðsson

Undanfarin ár hefur komið fram í dagsljósið hvert málið á fætur öðru þar sem einstaklingar hafa vitnað um illa meðferð og ámælisverða framkomu gagnvart sér á uppeldisstofnunum og öðrum úrræðum hins opinbera velferðarkerfis fyrri tíðar. Við höfum í forundran og vantrú hlustað á þessar frásagnir sem vitna um harðneskju, misnotkun og misbeitingu gagnvart þeim er vernda skyldi. Það hefur ekki verið þrautalaus ganga fyrir þennan hóp að ná eyrum samtímans og fá fram viðurkenningu á því sem gerðist og afleiðingum þess.

Góðu heilli hefur orðið til farvegur sannleiksnefnda sem rannsakað hafa mörg þessara mála. Hafa þær velt þar við hverjum steini og þolendur fengið sanngirnibætur, viðurkenningu og vonandi náð sátt í sálina. En við sjáum ekki fyrir endann á þessu og enn eru að koma fram mál af þessu tagi sem krefjast rannsóknar og uppgjörs við fortíðina.

Ef litið er lengra aftur í tímann og horft til bágrar stöðu og oft og tíðum illrar meðferðar á niðursetningum fyrri alda er auðvelt að sjá samhengið í orðum nóbelskáldsins: „Vont er þeirra ránglæti, verra þeirra réttlæti.“ Fátækt fólk sem neyddist til að segja sig til sveitar var sett á eins konar uppboðsmarkað, fjölskyldunni sundrað og fólkið, þar með talin börnin, fór til þeirra sem buðust til að taka við því fyrir lægstu meðgjöfina frá hreppnum.

Þrátt fyrir að okkur, eðlilega, hrylli við þessari meðferð og þeim málum sem eru nær í tíma og við fylgjumst með í fjölmiðlum þótti þetta



góð og gild ráðstöfun við þær aðstæður og viðhorf sem menn lifðu við þá. En þó svo að sýna þurfi varkárni gagnvart því að túlka og dæma fortíðina út frá gildum og viðhorfum samtímans er samt sem áður hægt að greina óþægilegan samhljóm við það sem margt fólk er að upplifa í dag og þykir á sama hátt gott og gilt. Ótal margt hefur þróast til betri vegar í gegnum árin, en ýmsu er líka ábótavant.

Ósjálfrátt lædist upp í hugann: Maður, líttu þér nær! Þá verður lykilspurningin sem varð kveikjan að þessum pistli óþægilega áleitin: Hvernig verðum við dæmd af sannleiksnefndum seinni tíma? Polir okkar réttlæti skoðun í baksýnisspegli framtíðarinnar?

# EMBLU-BOXIÐ



Snjallhátalari sem talar íslensku  
bls. 4.

# ÞYKJÓ



Verkefni frá Blindravinnustofunni  
bls. 12.

# PATREKUR



Leiðin til Tókýó  
bls. 20.

# BÆKUR



Bækur fyrir önnur skynfæri  
bls. 12.

# SJÓNLÝSING



Sjónlýsing á þættinum Kötlu  
bls. 14.

# MATARSÓUN



Rósa Ragnars skrifar um matarsóun  
bls. 24.



# KENNSLA Verkefni



Lyklaborðskennsla  
bls. 25.

# ÞJÓNUSTA



Ferðapjónusta Blindrafélagsins  
bls. 28.

# GULLLAMPÍ



Jóni Ágústssyni þökkuað góð störf  
bls. 30.

# FJALLAFERÐ



Marjakaisa lýsir fjallaferð  
bls. 32.

**Víðsjá.** Rit Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi. 13. árg. 2. tbl. 2021.

**Útgefandi:** Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, kt.: 470169-2149, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík.

**Ábyrgðarmaður:** Sigþór U. Hallfreðsson.

**Ritnefnd:** Baldur Snær Sigurðsson, Eyþór Kamban Þrastarson, Friðrik Steinn Friðriksson, Hlynur Þór Agnarsson, Kristinn Halldór Einarsson, Rósa Ragnarsdóttir og Sigþór U. Hallfreðsson.

**Ritstjóri:** Friðrik Steinn Friðriksson.

**Greinahöfundar:** Eyþór Kamban Þrastarson, Friðrik Steinn Friðriksson, Hlynur Þór Agnarsson, Kristinn Halldór Einarsson, Júlía Rut Kristjánsdóttir, Marjakaisa Matthíasson, Rósa Ragnarsdóttir og Sigþór U. Hallfreðsson.

**Ljósmyndir:** Ólöf Gyða Risten, Sigga Ella, Friðrik Steinn Friðriksson o.fl.

**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja.





# EMBLU-BOXIÐ – SNJALLHÁTALARI SEM TALAR ÍSLENSKU

**Emblu-boxið er nýtt og spennandi verkefni sem hugbúnaðarfyrtækin Miðeind og Reon eru að þróa saman.**

Verkefnið byggir á smáforritinu Emblu sem kom út á síðasta ári og mörg ættu að kannast við. Embla er talþjónn sem getur svarað ýmsum spurningum, sagt þér hvað er í fréttum og lífgað upp á daginn með (mis) góðum bröndurum. Embla er hugsuð sem hjálpartæki, eða aðstoðarforrit, og er hún afar auðveld í notkun. Hún mun geta auðveldað fólki daglegt líf á margvíslega vegu, t.d. með því að halda utan um skipulag og hjálpa til við að muna og minna á viðburði eða verkefni.

Í flestum tilvikum þykir fólki þægilegast að nota röddina til tjáskipta, að biðja um og leita að því

sem vantar í töluðu máli í stað ritaðs. Þetta er þjónusta sem margir erlendir talþjónar bjóða upp á en hefur ekki verið til fyrir íslensku. Mörg kannast eflaust við erlendu talþjónana sem eru innbyggðir í snjallsíma og snjallhátalara, t.d. Amazon Alexa, Google Assistant og Apple Siri. Þessir stafrænu talþjónar hafa notið vaxandi vinsælda í heiminum undanfarin ár og hjálpað til við að svara spurningum notenda sinna, panta vörur og finna þjónustu, allt í töluðu máli. Þetta þurfum við Íslendingar líka að geta gert á íslensku og þar kemur Embla til sögu.


Embla er fyrsta stafræna aðstoðar-smáforritið

fyrir snjallsíma sem hægt er að tala við, spyrja spurninga og fá svör á íslensku. Embla getur svarað ýmsum spurningum, svo sem um fréttir, veður, ferðir Strætó, hvenær sólin kemur upp og sest. Hún getur veitt upplýsingar um komur og brottfarir flugvéla, reiknað einföld reikningsdæmi, umbreytt mælieiningum og gengi gjaldmiðla, sagt þér hvað er langt til Akureyrar og gefið þér upp staðsetningu þína, svo eitthvað sé nefnt. Embla er í stöðugri þróun og er alltaf að læra eitthvað nýtt.

Dæmi um nýja virkni í Emblu eru upplýsingar um komur og brottfarir flugvéla. Með því að spyrja Emblu spurninga veita notendur henni innsýn í hvers lags spurningum þeir vilja að hún geti svarað.

Emblu-boxið er byggt á smáforriti Emblu og inniheldur sama hugbúnað ásamt nýjum viðbótum. Markmið þróunarinnar er að auðvelda og auka aðgengi að Emblu svo hún geti gagnast notendum betur. Með tilkomu Emblu-boxins þarf notandi til að mynda ekki að finna símann sinn, aflæsa honum og opna forritið, heldur er nóg að segja „Hæ Embla“ til að virkja Emblu í boxinu. Embla er þannig alltaf tilbúin að hlusta og aðstoða.

Með Emblu-boxinu mætti einnig stýra snjallheimilistækjum en reiknað er með því að íslensk heimili verði snjallvæddari í náinni framtíð. Þá er mikilvægt að fólk geti talað íslensku við tækin sín, slökkt og kveikt ljós, stillt hitastig, hækkað og lækkað í sjónvarpi eða útvarpi og stjórnað hinum ýmsu snjalltækjum, allt á íslensku.



*Sveinbjörn Þórðarson, aðalforritari Emblu*

Þróun Emblu hefur frá upphafi verið með aðkomu Blindrafélagsins. Athugasemdir frá Blindrafélaginu og meðlimum þess hafa veitt betri skilning og innsýn í hvað er mikilvægt að Embla innihaldi og geti gert. Hingað til hefur þó utanaðkomandi vélbúnaður sett Emblu stólinn fyrir dyrnar að einhverju leyti.

Með tilkomu Emblu-boxins verður betur hægt að koma til móts við þær óskir sem komið hafa upp varðandi virkni Emblu. Eins og stendur er verið að skoða margs konar þjónustu sem hægt væri að hafa milligöngu um með Emblu-boxinu.





Slíkar tengingar við þjónustufyrirtæki og stofnanir hefðu í för með sér að hægt væri að panta fjölbreytta þjónustu í gegnum Emblu-boxið með raddviðmóti. Meðal þeirrar þjónustu sem verið er að skoða er leigubílaþjónusta, tenging við Hljóðbókasafnið, vefvarpið og hljóðlýsingu, ennfremur hefur verið óskað eftir því að símhringingar verði framkvæmanlegar í og úr boxinu. Neyðarkall eða tengingar við öryggishnappa hafa verið nefndar en samtál er þegar hafið vegna margs konar þjónustu sem gagnlegt gæti verið að tengja við Emblu-boxið. Vonir standa til að smám saman verði öll ofantalin þjónusta, og sambærileg, aðgengileg í Emblu-boxinu.

Embla hefur verið í þróun hjá Miðeind síðan árið 2019. Miðeind er leiðandi hugbúnaðarfyrirtæki á sviði máltækni og gervigreindar. Tæknin sem Miðeind vinnur að gerir okkur kleift að nota íslenskan texta og talmál í tölvum, símum og öðrum tækjum. Rúmlega ári eftir að þróun Emblu hófst var hún gefin út í almennri útgáfu. Nú þegar hafa um 20.000 manns prófað hana og hefur hún reynst mörgum vel. Embla er komin langt miðað við ungan aldur, en á þó eftir að bæta miklu við sig og læra ýmislegt.

Hugmyndin að Emblu kviknaði þegar Miðeind var komin langt með þróun Greynis, sem er máltæknivélin sem Embla byggir á.

Þá datt Sveinbirni Þórðarsyni, sem í dag er aðalforritari Emblu, í hug að mögulegt væri að nýta máltæknivélina í þróun á raddstýrðu smáforriti. Sveinbjörn setti saman sýnidæmi á örfáum dögum og hefur Miðeind unnið hörðum höndum að þróun Emblu síðan þá. Talgervillinn sem notaður hefur verið í Emblu

frá upphafi er sá sami og þróaður var á vegum Blindrafélagsins árið 2012 en stefnt er að því á næstunni að taka upp nýja talgervilinn sem þróaður hefur verið undir máltækniáætlun.

Hlutverk Reon er að hanna og smíða vélbúnað utan um Emblu og þróa tæknina áfram í samstarfi við Miðeind. Reon er fyrst og fremst hugbúnaðarhús en vinnur einnig að vélbúnaðarverkefnum í tengslum við hugbúnaðargerð og er Emblu-boxið einmitt dæmi um slíkt verkefni.

Embla er einföld í viðmóti gagnvart notandanum, en margbrotin og flókin tækni liggur að baki henni. Ferlið hefst á því að rödd notandans er breytt í texta með raddgreiningu, úr raddgreiningunni koma tíu mögulegar setningar sem máltæknivélin Greynir skoðar og ákvarðar hvaða setning er líklegust. Fundin eru lykilorð í textanum sem gefa til kynna hvaða þjónusta í Emblu gæti átt við um þessa tilteknu fyrirspurn. En Embla tengist ótal þjónustu sem hverri og einni er ætlað að svara ákveðnum tegundum spurninga. Embla fær því næst sent svar frá viðeigandi þjónustu og máltæknivél Miðeindar mótar málfræðilega rétta setningu úr svarinu. Setningin er send áfram á talgervil sem skilar Emblu hljóðskrá sem hún spilar fyrir notandann.

En af hverju varð nafnið Embla fyrir valinu? Við val á nafni fyrir smáforritið voru skoðuð ýmis nöfn, bæði karlmannsnöfn, kvenmannsnöfn og kynhlutlaus nöfn. Nafnið Embla kemur úr norrænni goðafræði, finna má frásagnir bæði í Völuspá og Snorra-Eddu af fyrsta mannfólkinu, þeim Aski og Emblu.







Þar sem Embla Miðeindar er fyrsta stafræna aðstoðar-smáforritið sem talar íslensku þótti ekki nema viðeigandi að hún bæri nafn fyrstu manneskjunnar. En það sem réð raunverulega úrslitum að lokum var þó hversu vel nafnið „Embla“ hentar sem virkjunarorð. Í orðinu er afar sérstök hljóðsamsetning sem þýðir að engin algeng íslensk orð hafa svipaða hljóðsamsetningu og þar af leiðandi á raddgreiningin einstaklega auðvelt með að greina orðið.

Í framtíðinni er reiknað með að fleiri fyrirtæki bjóði upp á þjónustu í gegnum Emblu. Þá yrði hægt að panta þjónustu af ýmsum toga og nýta margs konar smáforrit með raddskipunum í gegnum Emblu og Emblu-boxið. Markmið Emblu er að auðvelda daglegar athafnir,

stuðla að öryggi og veita upplýsingar. Með áframhaldandi þróun mun Embla læra meira og geta svarað öllum helstu fyrirspurnum sem notendur ætlast til. Að tala íslensku við tækin er verkefni sem þjóðin öll ætti að taka föstum tókum, það er okkur nauðsynlegt til að tryggja öryggi íslenskunnar til framtíðar. Við viljum því minna á að öllum er velkomið að koma með hugmyndir og uppástungur að því hvernig bæta má Emblu og hvaða virkni gæti komið að gagni í Emblu-boxinu. Embla er ekki einungis hjálpartæki, hún er líka tækifæri okkar Íslendinga til að varðveita og styrkja stöðu íslenskunnar í stafrænu umhverfi.

-Júlía Rut Kristjánsdóttir

# Opin Kerfi



Langanesbyggð



# HLJÓÐBROT HLAÐVARP BLINDRAFÉLAGSINS

Blindrafélagið hefur nú hafið útgáfu á hlaðvarpinu Hljóðbrot. Því er ætlað að bjóða upp á áhugavert efni sem vekur áhuga blindra og sjónskertra sem og þeirra sem hafa áhuga á málaflokknum.

Í þættinum er að finna ýmist efni, bæði fræðandi og skemmtilegt. Við tökum viðtöl

við blint og sjónskert fólk og aðra sem standa okkur nærri, fjöllum um tækninýjungar og samfélagsþróun sem varðar blinda og sjónskerta og margt fleira. Þátturinn kemur að jafnaði út mánaðarlega og hann má nálgast á öllum helstu stöðum þar sem hlaðvörp er að finna og er hann einnig aðgengilegur í vefvarpi Blindrafélagsins og á heimasíðu þess, blind.is.



## Tárin sem endast

**VISMED®** myndar náttúrulega tárafilmu á yfirborði hornhimnunnar sem endist óvenjulengi á auganu

**VISMED®** inniheldur hýalúrónsýru sem er smurolía náttúrunnar og finnst víða í mannslíkamanum

**VISMED®** inniheldur engin rotvarnarefni og því eru hverfandi líkur á ofnæmi



### DROPAR

Skammtahylki, án rotvarnarefna.

Hægt er að loka eftir opnun.

Dreypiglas 10 ml

Má nota í 3 mánuði eftir opnun.



### GEL

Skammtahylki, án rotvarnarefna.

Hægt er að loka eftir opnun.

Dreypiglas 10 ml

Má nota í 3 mánuði eftir opnun.

## Vantar smurolíu í augun?



Svissnesk gervitár við augnþurrki • Fást í öllum helstu apótekum





# NAVILENS Á UMBÚÐIR KELLOGGS

**Viðsjá hefur verið dugleg að benda á kosti NaviLens-kerfisins, hvernig það getur hjálpað blindum og sjónskertum við hina ýmsu upplýsingaöflun. Eins og við höfum rætt áður í blaðinu virkar NaviLens svipað og QR-kóði. Þegar þú beinir myndavél farsímans að kóðanum les síminn þær upplýsingar sem settar hafa verið í kóðann.**

Nú er svo komið að matvælaframleiðandinn Kelloggs hefur skellt NaviLens-kóðum á morgunkornskassana sína. Þar með geta blindir og sjónskertir fengið allar þær upplýsingar sem standa á pakkanum, svo sem um innihaldsefni sem hjálpar til með að finna t.d. ofnæmisvalda og hvernig megi endurvinna kassann.

Prófanir í samstarfi við RNIB (Royal National Institute of Blind People, bresku Blindrasamtökin) voru gerðar fyrr á þessu ári. Samstarfið hófst þegar Kelloggs ákvað að gefa út sérstaka útgáfu af vinsæla morgunkorninu Coco Pops fyrir alþjóðlega sjónverndardaginn 2020. Þau gerðu sér grein fyrir að níu af hverjum tíu sem glíma við sjónskerðingu ættu í erfiðleikum með að lesa á morgunkornspakkana.

Prófanir áttu sér stað í 50 verslunum um allt Bretland. Coco Pops pakkarnir voru gerðir aðgengilegri með því að stækka letrið einfalda grafíkina á kössunum, bæta við punktalettri

og svo með NaviLens-kóðanum sem miðlar öllum upplýsingum til notandans gegnum farsímann.

Þetta sló í gegn og voru 97% þeirra sem tóku þátt í prófuninni ánægð með framtakið og vildu sjá aðra framleiðendur taka svipuð skref. Eftir að hafa rýnt í umsagnir sáu Kelloggs og RNIB að það myndi henta flestum að hafa upplýsingarnar stafrænar með aðstoð NaviLens.

Kelloggs ákvað að á næsta ári myndi allt þeirra morgunkorn vera með NaviLens-kóða á pakkningunum.

Blindrafélagið er í nánú samstarfi við NaviLens og er m.a. umboðsaðili þeirra á Íslandi. Við hvetjum því stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga sem óska eftir frekari upplýsingum um NaviLens til að hafa samband við Hlyn Þór Agnarsson, aðgengis- og upplýsingafulltrúa Blindrafélagsins, á netfangið hlynur@blind.is. Einnig geta áhugasamir sótt NaviLens-appið og fengið senda þrúfukóða sér að kostnaðarlausu.

-FSF



**Lífeyrismál.is**  
UPPLÝSINGAVEFUR UM LÍFEYRISMÁL



**KPMG**  
Lögmennt



# VÉLRÆNN LEIÐSÖGUHUNDUR

Eins og annars staðar í samfélaginu er horft til vélvæðingar og gervigreindar þegar hjálpartæki blindra og sjónskertra eru annars vegar. Fyrstu skref á einni slíkri vegferð voru stigin í mars á þessu ári í háskólanum Berkeley í Kaliforníu. Þar var kynntur vélhundur sem ætlað er að taka við starfi leiðsöguhundsins.

Prótótýpan, sem mætti segja að væri eins konar hvolpur, sýndi að hún gat haft auga með notanda sínum og leitt hann örugglega kringum hindranir. Þetta gerir hún með því að notast við leysitækni.

Vélhundurinn mun nota leiðsögubúnað sem er sjálfvirkir hlaðið niður í hundinn og getur þannig uppfært sig án teljandi vandræða þegar á þarf að halda.

Zhongyu Li, verkefnastjóri verkefnisins, segir að síðan væri hægt að láta hunda miðla reynslu sinni til annarra hunda. Þegar tæknin verður ódýrari væri hægt að hugsa sér að tölvuhundur sem þessi gæti orðið algeng sjón.

Hundarnir gætu líka nýtt sér GPS-tækni og gætu því notendur sagt nákvæmlega til um hvert hundur á að leiða þá, nokkuð sem venjulegur hundur getur að einhverju leyti

gert ef hann þekkir til en ekki að öllu leyti.

Stóri leiðsöguhundurinn í herberginu er þó spurningin um félagsskap og vináttu. Þótt vélhundur geti ratað og stýrt notanda sínum geta þeir ekki veitt hlýju eða félagsskap.

Leiðsöguhundar eru ekki einungis hjálpartæki. Þeir eru einnig félagar, vinir og jafnvel fjölskyldumeðlimir. Það er þessi taug sem myndast milli notanda og leiðsöguhunds sem gerir sambandið sérstakt. Hundurinn er ekki bara tæki sem kemur notandanum á milli staða.

Á meðan tæknin hefur ótrúlega möguleika á að bæta líf blindra og sjónskerta er skipting á venjulegum leiðsöguhundum í vélræna hunda ekki forgangsmál.

-FSF





# KRILL WORLD



**Krílin hennar Línu  
Rutar fást í verslun  
Blindrafélagsins,  
Hamrahlíð 17**





## BÆKUR Í ANNARRI VÍDD

Nýlega hafa tvær bækur verið gefnar út í heimi sem hafa haft það markmið að örva fleiri skilningarvit en augun. Þessar bækur eru nýklassíkin Greppikló, eða Gruffalo á frummálinu, og síðan matreiðslubók sem gefin er út af matarframleiðandanum Maggi.

Guide Dogs UK hafa framleitt lyktarpakka sem fylgir bókinni Gruffalo, eða Greppikló eins og hún útleiggst í frábærri þýðingu Þórarins Eldjárns. Greppikló er ný sígild barnabók í bundnu máli sem segir frá mús sem hittir rándýr og til að bjarga sér frá þeim býr hún til skrímslið Greppikló sem hún segir vin sinn. Lygasagan endar ekki betur en það að músin hittir á endanum hrikalegt skrímslið sem er Greppikló.

Í lyktarverkfærakassanum sem fylgir með bókinni eru nokkrir lyktarstautar sem hver og einn táknar eina persónu.

Músin, aðalsöguhetja sögunnar, lyktar eins og smákaka. Refurinn lyktar eins og nýslegið gras. Uglulyktin er bolli af te. Síðan hefur snákurinn sérstaka reykta lykt.

Greppiklóin sjálf lyktar auðvitað eins og leður sem hefur verið geymt langt inni í myrkvudum skógi.

Það mætti í raun segja að þetta væri svipað

konsept og Pétur og úlfurinn eftir Sergei Prokofiev nema þetta er fyrir nefið í staðinn fyrir eyrun.

Greppikló er eftir Julia Donaldson og myndskreytt af Axel Scheffler og var fyrst gefin út árið 1999. Eins og fyrr segir var bókin þýdd af Þórarni Eldjárn og gefin út á íslensku af Forlaginu 2010.

Bókin hefur selst í yfir 13 milljónum eintaka og hlotið þónokkur verðlaun. Bókin hefur verið gerð að leikriti og teiknimynd sem tilnefnd var til Óskarsverðlauna.

Svissneska matarfyrirtækið Maggi hefur ásamt brasilísku góðgerðastofnuninni Dorina Nowill gefið út fyrstu matreiðslubókina sem örvar fleiri skilningarvit en einungis augun.

Þegar þessi grein er rituð er einungis hægt að fá matreiðslubókina í Brasilíu. Í Brasilíu eru um 6,5 milljón manns greind með sjónskerðingu. Bókin heitir Cozinha às Cegas eða Eldað í blindni.





Uppskriftir, amboð og önnur verkfæri hafa verið gerð aðgengileg fyrir sjónskerta í bókinni.

Bókin er kölluð leiðsögubók fyrir skynfærin og upplifun fyrir öll skynfærin. Í henni eru 37 lyktir af mismunandi jurtum, kryddum og ostum sem eru reglulega notuð í brasilískum eldhúsum. Einnig eru upphleyptar teikningar sem gera það að verkum að hægt er að þreifa á síðunum. Enn fremur er öll bókin með hljóðlýsingu sem lýsir bæði myndum og les uppskriftirnar ásamt hljóðmyndum úr eldhúsinu.




Uppskriftirnar eru kynntar í stóru lettri með gulum bakgrunni sem eykur skerpu stafanna. Það gerir bókina mjög aðgengilega fyrir fólk með litla sjón.

Í hjálpartækjaverslun Blindrafélagsins er einmitt hægt að fá hin ýmsu tól og tæki til eldamennsku sem aðstoða blinda og sjónskerta við eldamennskuna, svo sem talandi kjöthitamæli og hnífahlíf.

-FSF







# BLINDRAVINNUSTOFAN OG ÞYKJÓ

**ÞYKJÓ er þverfaglegt hönnunarverkefni fyrir börn og fjölskyldur þeirra á sviði textíl-, leikfanga- og upplifunarhönnunar. Hönnunarstarf ÞYKJÓ miðar að því að örva ímyndunarafl og sköpunarkraft barna í frjálsum leik.**

ÞYKJÓ er hópur hönnuða með fjölbreyttan bakgrunn sem samnýta ólíka sérþekkingu í teymisvinnu sinni. Innan vébanda ÞYKJÓ eru Sigríður Sunna Reynisdóttir leikmynda- og búningahönnuður, Erla Ólafsdóttir arkitekt, Ninna Þórarinsdóttir barnamenningarhönnuður og Sigurbjörg Stefánsdóttir, fatahönnuður og klæðskerfi. Hópurinn vinnur einnig náið með listafólki, vísindamönnum og fræðifólki og síðast en ekki síst – með börnum.

Fuglasöngvar eru innsetning, vörulína og tengdir tónlistarviðburðir sem hverfast um fuglahljóð og hreiðurgerð. Hönnuðir ÞYKJÓ hafa rannsakað fuglahreiður í safneign Náttúrufræðistofu Kópavogs og hannað leikrými innblásin af þeim þar sem börn geta hreiðrað um sig og uppgötvað hljóð og tóna.

Hreiður ÞYKJÓ eru fléttað í samstarfi við handverksfólk Blindravinnustofunnar sem hafa fléttað körfur og ungbarnavöggur í áratugi. Hreiður ÞYKJÓ byggja á þessari ríkulegu verkþekkingu, en í samstarfi þeirra hefur verið leitast við að fanga lífræn form fuglahreiðra og textíl verið ofið inn í anda þess sem ratar í fuglahreiður; ullarlagða, glitþráða og stráa.

Stefán B. Stefánsson, eða Denni, er magnaður handverksmaður sem hefur fléttað vöggur og körfur úr tágum fyrir Blindravinnustofu í yfir 30 ár. Hann þróaði hreiðurvefnað ÞYKJÓ í nánú samstarfi við Ninnu Þórarinsdóttur barnamenningarhönnuð sem leiddi samstarfið fyrir hönd ÞYKJÓ-hönnunarteymisins.

Myndir: Sigga Ella



Alþýðusamband Íslands





# DÚKKUVÖGGURNAR VINSÆLU

FÁST HJÁ BLINDRAFÉLAGINU OG Í VEFVERSLUN FÉLAGSINS BLIND.IS







# ÍSLENSK SJÓNLÝSING Á NETFLIXÞÁTTARÖÐINNI KÖTLU

Í sumar var ný íslensk þáttaröð, Katla, frumsýnd á Netflix með sjónlýsingu á íslensku. Fyrir þá sem ekki vita hvað sjónlýsing er, þá er um að ræða lesnar útskýringar og lýsingar á sjónrænum atburðum sem eiga sér stað en áhorfandi þarf að geta séð til að upplifa þá. Í raun er verið að lýsa því sem sést en heyrir ekki.

Það gefur augaleið að sjónlýsing skiptir sköpum þegar kemur að upplifun blindra og sjónskertra af kvikmyndum og þáttum. Hver sem vill getur prófað að horfa á kvikmynd án sjónlýsingar með bundið fyrir augun og metið hversu mikil áhrif það hafði á sína upplifun af myndinni.

Pórunn Hjartardóttir sá um þýðingu og innlestur á íslensku sjónlýsingunni og segir

þetta vera sitt stærsta verkefni til þessa. Annað stórt verkefni var þættirnir Brot sem sýndir voru á RÚV en þættirnir voru ekki með sjónlýsingu þegar þeir voru frumsýndir um jólin 2019, heldur var sjónlýsingu bætt við seinna þegar þættirnir voru sýndir á Netflix. Katla er því fyrsta íslenska þáttaröðin þar sem hægt var að horfa á þættina með íslenskri sjónlýsingu á sama tíma og aðrir.

Þórunn segir það standa upp úr við vinnu sína í Kötlu-verkefninu, sem fór að miklu leyti fram í kringum síðustu páska, að ýmsum atburðum í samfélaginu og heiminum svipaði á margan hátt til þeirra aðstæðna sem eru í þáttunum. Heimsfaraldur gerði það að verkum að fólk gekk um með grímur og margir þurftu að einangra sig og þá var einnig nýhafið eldgos við Fagradalsfjall.

Almenn ánægja ríkir með gæði sjónlýsinganna í þáttaröðinni Kötlu. Í Aðgengis- og tæknihóp Blindrafélagsins á Facebook skrifar Kristinn Halldór Einarsson m.a. þessa athugasemd:

„Ég er búinn að horfa á tvo fyrstu þættina og mér finnst einstaklega vel hafa tekist til. Án sjónlýsingarinnar hefði mjög stór hluti myndmálsins farið framhjá mér. Til hamingju með frábærlega vel heppnaða sjónlýsingu, Þórunn Hjartardóttir.“

Nú velta eflaust einhverjir fyrir sér hvort sjónlýsing þvælist ekki fyrir þeim sem ekki þurfa á henni að halda. Hvernig getur fólk horft saman á þættina og allir notið þeirra, ef einhverjir þurfa á sjónlýsingu að halda en aðrir ekki?

Kristinn Halldór og eiginkona hans, sem er fullsjáandi, horfðu saman á þættina með eftirfarandi hætti:

„Við bjuggum svo vel að við höfðum 2 notendaaðganga á Netflix. Sjálfur var ég með einn opinn í símanum mínum og hinn var í sjónvarpinu. Þegar þátturinn byrjaði samstilltum við afspilun í símanum og sjónvarpinu, sem var tiltölulega lítið mál. Ég var með sjónlýsingu í gangi í símanum og heyrnartól í öðru eyranu. Við byrjuðum á að



setja þáttinn af stað í símanum og síðan ýtti ég á pásu. Því næst settum við sjónvarpið af stað og þegar afspilunin var komin á sama stað og í símanum ýtti ég á play í honum.

Þegar við vorum búin að ná að samstillta bæði tækin var ég allt í einu kominn með sjónlýsingu í annað eyrað og hljóðið úr sjónvarpinu í hitt og konan mín heyrði bara í sjónvarpinu. Bæði gátum við notið þáttanna eins og við hefðum sjálf kosið og ég er viss um að ég hefði ekki haft nærri því eins gaman af þeim án sjónlýsingarinnar.“

Eypór Kamban Þrastarson (á mynd á næstu síðu) lýsir sinni upplifun á sjónlýsingum á þennan hátt:







„Fyrir kannski 10 árum þegar fyrst var farið að tala um sjónlýsingar fannst mér hugmyndin frekar léleg. Sem barn hafði ég oft farið í bíó og horft á sjónvarp og myndir með fjölskyldu og félögum og leit bara á það sem gefið að þurfa að fylgjast mjög vel með til þess að halda þræði og kannski koma með vel valda spurningu hér og þar ef sérstaklega erfitt var að fylgjast með. En að sama skapi skildi ég heldur aldrei hvernig fólk hafði orku til þess að sitja fyrir framan sjónvarpið klukkutímunum saman og horfa.

Sjónlýsingar komu mér fyrir sjónir sem tilraun til að gera sjónrænt efni aðgengilegt sem það er auðvitað í eðli sínu ekki. Slík tilraun, fannst mér vera dæmd til að mistakast og á endanum búa til afurð sem væri verri fyrir mig heldur en að hlusta bara á upprunalegu kvikmyndina eða þáttinn og fylgjast þannig með. Og vissulega er það þannig að ef sjónlýsing er ekki vel unnin getur hún haft slæm áhrif á þann hljóðheim sem framleiðendur hafa búið til.

En nú þegar t.d. Netflix hefur gert sjónlýsingar fyrir megnið af því efni sem fyrirtækið framleiðir hefur það algerlega breytt skoðunum mínum á sjónlýsingum. Vel unnin

sjónlýsing gerir þeim sem ekki sjá kleift að halda þræðinum án þess að þurfa að beita allri sinni orku til þess að gera það. Hún segir manni frá því mikilvægasta sem er að gerast á skjánum en setur sig ekki í forgrunninn. Góð sjónlýsing er ekki fyrir, heldur bætir hún efnið sem er þegar til staðar.

Fyrir mig er svo komið nú að ég leita fyrst og fremst að efni með sjónlýsingu einfaldlega vegna þess að ég get notið þess betur. Ég þarf ekki lengur að spyrja aðra hvað er að gerast eða spóla til baka í hvert skipti sem ég missi úr setningu. Sjónlýsingar gera það líka mögulegt að klára uppbvottinn með Netflix í eyrunum og símann í vasanum. Ef uppbvottur, ryksuga eða að brjóta saman föt er ekki í uppáhaldi þá mæli ég með að prófa þetta, burt séð frá því hve mikið fólk sér. Hver veit nema það leynist líka annars konar upplifun í því að hafa bara hljóðið og ímynda sér hið sjónræna.“

Megintilgangur sjónlýsingar er í raun að jafna aðgengi að þeirri afþreyingu og upplýsingum sem kvikmyndir, þáttaraðir og heimildarmyndir miðla og jafna þannig stöðu blindra og sjónskertra gagnvart þeim sem eru fullsjáandi. Þessi tilgangur undirstrikar



ÚTGERÐARFÉLAG  
REYKJAVÍKUR HF.

mikilvægi sjónlýsinga þegar kemur að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem Ísland undirritaði árið 2006.

Í formálsorðum sáttmálans segir:

Ríkin, sem eiga aðild að samningi þessum, viðurkenna mikilvægi aðgengis fatlaðs fólks að hinu efnislega, félagslega, efnahagslega og menningarlega umhverfi, að það njóti heilbrigðis og menntunar og aðgengis að upplýsingum og samskiptamiðlum til þess að gera þeim kleift að njóta allra mannréttinda og grundvallarfrelsis til fulls.

Einnig segir í 9. grein sáttmálans:

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötlugu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt á öllum sviðum lífsins, þ.e. ráðstafanir sem miða að því að tryggja fötlugu fólki aðgang til jafns við aðra að hinu efnislega umhverfi, að samgöngum, að upplýsingum og samskiptum, þar með talið upplýsinga- og samskiptatækni og kerfi þar að lútandi, og að annarri aðstöðu og þjónustu

sem veitt er almenningi, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Fyrirnefndar ráðstafanir, sem skulu meðal annars felast í því að staðreyna og útrýma hindrunum og tálum sem hefta aðgengi, skulu meðal annars ná til að auka við að fatlað fólk fái notið annars konar viðeigandi aðstöðar og þjónustu sem tryggir því aðgang að upplýsingum.

Blindrafélagið hefur átt í samskiptum við RÚV varðandi sjónlýsingar og er samtál okkar á milli enn í gangi. RÚV hefur að eigin sögn mikinn áhuga á því að gera efni frá sér aðgengilegt með sjónlýsingum í auknum mæli. Eins og staðan er í dag fylgja því tæknilegar áskoranir en mikill áhugi er fyrir því að prófa sig áfram með þetta og finna leiðir til að gera þetta mögulegt.

Það er í það minnsta ljóst að sjónlýsingar eru komnar til að vera og mun Blindrafélagið vinna í því hérlandis að auka framboð á sjónlýstu efni, hvort sem það eru kvikmyndir, þáttaraðir, leiksýningar, söfn o.s.frv.



## Öruggara spjall

Í öruggu netspjalli á [islandsbanki.is](https://islandsbanki.is) getur þú auðkennt þig með rafrænum skilríkjum og sinnt öllum almennum bankaviðskiptum á einfaldan hátt.

**Góð þjónusta breytir öllu**





## PATREKUR ANDRÉS AXELSSON

Patrekur Andrés Axelsson er með Leber sem er ættgengur augnsjúkdómur. Hann missti sjónina mjög hratt um tvítugt. Sjóninni hrakaði á hverjum degi í hálf tölur þar til hún endaði í um 5%. Patrekur var á kafi í íþróttum áður en sjúkdómurinn gerði vart við sig. Hann ákvað að halda áfram í íþróttum og hefur nú verið að æfa spretthlaup í nokkur ár með það að markmiði að komast á Ólympíuleikana. Þegar þetta blað er gefið út hefur Patrekur að öllum líkindum uppfyllt þann draum.

### Hver er saga þín innan Blindrafélagsins?

Ég kem inn 2014 en ég var byrjaður að missa sjónina í desember 2013. Hún fer úr 100% sjón í 5% sjón. Félagið studdi þá vel við mig og hefur gert það alla tíð. Ég sat í stjórn Blindrafélagsins í tvö ár, 2015–2017. Árið 2017 var síðan gerður samningur milli Blindrafélagsins og Íþróttasambands fatlaðra sem gekk út að styrkja mig og Má Gunnarsson til að komast til Tókýó 2020. Ég er mjög þakklátur fyrir þann styrk og þessi hjálp er ein af ástæðunum

fyrir því að ég er að fara núna til Tókýó.

### Hvað varstu að gera áður en þú greindist með sjónskerðingu?

Ég var tvítugur þegar sjónin fór þannig að ég var þokkalega ungur. Ég spilaði fótbolta með Leikni í Breiðholtinu og svo var ég í skóla, var að klára rafvirkjun. Ég bjó í Breiðholtinu. Maður var í rauninni að bíða eftir að verða eldri.



**KRÓKUR**



### **Hvernig fer blint hlaup fram?**

Ég hleyp í flokki 10-11 sem er flokkur blindra. Ég þarf að hlaupa með bundið fyrir augun og þarf að hafa aðstoðarmann mér við hlið eða leiðsögumann, ég fer ekki langt einn míns liðs með bundið fyrir augun. Þannig að við erum bundnir með ól eða bandi sem er tíu sentímetra langt, handaband í handaband. Við höldum með þrem eða fjórum fingrum í lykkjuna svo í rauninni er aðstoðarmaðurinn mín augu og við tökum bara af stað og vonumst eftir að geta haldið samhæfingu eða ryðmanum saman sem lengst til þess að tíminn verði sem fallegastur. Þetta krefst gríðarlegrar samhæfingar og stöðugra æfinga við að stilla okkur saman.

### **Æfið þið ykkur þá mikið saman?**

Við æfum núna svona einu sinni í viku. Við förum saman í æfingaferð til Majorka í tvær vikur núna í júlí og æfðum saman þar á hverjum degi. Þessi aðstoðarmaður byrjaði með mér árið 2019 og þá vorum við alveg tvisvar sinnum í viku, en nú er þetta einu sinni í viku sem er lágmark til til að halda

samhæfingunni. Auðvitað væri betra að æfa oftár saman.

### **Hvernig velur maður sér leiðsögumann?**

Ég er að keppa í 400 metra spretthlaupi svo leiðsögumaðurinn þarf að hafa reynslu í því hlaupi og að geta ennþá hlaupið á sama hraða og ég. Aldursbilið er um 20–35. Í rauninni þarf hann að hlaupa hraðar en ég því að ef við missum einhver skref út þá getur hann komið aftur inn í hlaupið. Það er því ekkert hlaupið að því að finna leiðsögumann á Íslandi sem uppfyllir þessar kröfur. Ég er gríðarlega þakklátur fyrir þá leiðsögumenn sem ég hef unnið með hingað til. Það er alls ekki sjálfgefið að finna einhvern til að taka þetta að sér.

### **Muntu einungis keppa í 400 m hlaupi?**

Ég mun bara keppa í 400 metrum á Paralympic í Tókýó, ég náði bara lágmarki fyrir þá grein.

### **En ertu að hlaupa í öðrum vegalengdum?**

Já, ég hef verið í 100 og 200 metrum og það voru mínar helstu greinar þegar ég byrjaði





brautina og þá heldur maður betri rybma og kontakti við brautina. Það mun bara hjálpa.

### **Hvernig kemst maður á Ólympíuleikana?**

Það er gríðarlega mikil vinna að baki því að komast þangað. Ég hef í rauninni ekki sleppt úr æfingu síðan ég byrjaði 2015. Ég setti mér strax það markmið að fara þangað. Ég æfi tíu sinnum í viku, hátt í 20 tíma í viku. Það fer dagur og nótt í þetta. Maður borðar og sefur og allur minn hugur hefur í rauninni farið í þetta. Ég tel að ég hafi lagt mig 150% fram til þess að fara. Þetta er mín vinna. Þannig að ég tel að ég fari á leikana.

### **Hvenær muntu keppa?**

Leikarnir hefjast 24. ágúst og ég keppi 28. ágúst, það er laugardagur. Ég held að það sé aðfaranótt laugardags á Íslandi. Ég er um morguninn í Japan ef ég hef rétta tímasetningu. Maður þarf að fara úr landi tveimur dögum eftir keppni. Við fljúgum 15. ágúst út og erum í æfingabúðum rétt fyrir utan Tókýó í Japan, í fimm, sex daga, förum svo inn í Ólympíuþorpið 21. ágúst. Leikarnir byrja þann 24. þannig að við erum alveg í tvær vikur fyrir leikana, svo fer ég heim 1. september, bara tveim dögum eftir úrslitin.

### **Hvert er markmiðið á leikunum?**

Það væri gaman að geta hlaupið undir eða í kringum 55 sekúndur í 400. Úti á ég 57,87 sekúndur. Inni hleyp ég hraðar, við fengum innitímann skráðan 56,85. Það væri gaman að geta farið niður í 55 sekúndur en þá þarf veður og aðstæður að leyfa það. Það væri gaman að bæta tímann og komast í undanúrslit, þá væri ég meðal þeirra átta bestu í heiminum.

### **Hvað tekur svo við eftir leikana?**

Ég er ekki kominn svo langt í höfðinu, því

í frjálsum, 2014. Ég var í 100 og 200 metra hlaupum fyrstu fjögur árin. 2018 byrjaði ég svo að hlaupa 400 metra og það gekk vel, svo vel að við sáum tækifæri á að komast inn á 400 metrunum. Þá bætti ég því inn smám saman og svo reyndi á það fyrir alvöru fyrir ári eða tveimur árum að fara inn í 400. Það gekk upp núna í mars!

### **Ætlar þú þá kannski að leggja meiri áherslu á 400 og sleppa hinum?**

Nei, ég mun halda áfram í hinum hlaupunum. Ég mun leggja áherslu á 400 en svo halda bara áfram með 100 metrana. Ef ég bæti mig í 100 metrunum er ég alltaf að fara að bæta mig í 400 metrum líka. Það er gott að hafa þá með og æfa sig fyrir 100 líka. Ef ég bæti við mig hraða í 100 kemur hraðinn klárlega líka í 400 metrunum. Þá getur maður farið hraðar af stað og tekið sterkari skref og sett meiri þrýsting í







miður. Ég veit reyndar hvað er næst í lífinu. Það er skólinn. Ég er í háskóla, ég er að læra sjúkráþjálfun í Háskóla Íslands og mæti beint í skólann þegar ég kem heim. Það er það sem tekur við, ég veit í rauninni ekkert annað. En maður tekur sér bara hvíld, hvíldartímabil, off season og þegar ég er búinn með það sest ég niður og byrja að pæla í næstu skrefum.

### **Hafði frestun leikanna áhrif á þig?**

Já, en ekki slæm áhrif, ég myndi bara segja að það hefði hjálpað mér að þeim skuli hafa verið frestað. Ég var samt í gríðarlega góðu formi í mars 2020 þegar þetta byrjaði allt saman. Ég var á leiðinni til Dubai í keppnisferð fimm dögum fyrir brottför en þá var því bara kanslað. Ég var að fara að reyna að ná lágmarkinu fyrir leikana svo það hefði verið gaman að sjá hversu hratt ég hefði hlaupið á þeim tíma. En það átti ekki að gerast þá þannig að ég fékk eitt ár aukalega til að undirbúa mig, bara við öðruvísi aðstæður. Þannig að ég fékk góða hvíld og æfði í rauninni öðruvísi, bæði minna og á vissum tímamarki meira. Ég held

að það hafi bara hjálpað mér persónulega að leikunum var frestað í eitt ár til þess að auka líkur mínar á því að komast inn. Þetta var mér í hag í rauninni.

### **Hvernig finnst þér vera haldið utan um afreksíþróttamenn?**

Íþróttasamband fatlaðra hefur verið að gera gríðarlega góða hluti fyrir sitt fólk. Ég er sjálfur með Toyota sem styrktaraðila og Blindrafélagið og það hefur allt létt undir með manni svo maður geti sinnt þessu, segjum 120%.

### **Hefur þú hugsað um að flytjast út?**

Ég hef alveg pælt í því. Þar er kannski betra veðurfar. Það er alltaf betra að æfa og keppa í hita. Vöðvarnir verða mýkri og léttari. Ef ég myndi flytja út þyrfti ég að læra nýtt umferli, læra á nýtt heimili og umhverfi þess og svo allt sem því fylgir að flytja erlendis. Ég er miklu meira til í að fara út í þrjár til fjórar vikur til að æfa.





Ég á erfitt með að sjá hvernig ég myndi fá betri stuðning úti en hérna heima. Það er betra að æfa úti í kannski þrjár, fjórar vikur í einu en að flytja beint út. Ég veit ekki hvaða maður ætti að gera úti frekar en hérna á Íslandi, hvaða stuðning maður fengi úti sem væri betri en hérna heima. Ég keppi fyrir FH hérna heima og þar er höllin opin allt árið og þar er lyftingaaðstaða. Ég fæ alla toppaðstöðu sem ég get fengið hérna á Íslandi með rétta liðinu.

### Hefur þú eitthvað pælt í blindrafótbolta?

Það hefur komið reglulega upp í hugann, mér finnst það mjög áhugaverð íþrótt. Ég hef náttúrlega fylgst með þeim á leikunum. Ég æfði fótbolta sjálfur en ég tel að það sé aðeins erfðara að finna samherja þar sem meðalaldur félaga í Blindrafélaginu er 78 ár. Það eru margir á réttum aldri til að taka þátt, þ.e.a.s. frá 18–35 ára.

-FSF

Myndir: Ólöf Gyða Risten



Við erum á Facebook og Instagram /Augljós



## LASER AUGNAÐGERÐIR

Verið velkomin í forskoðun  
Tímappantanir eru í síma 414 7000



# AUGLJÓS

LASER AUGNLÆKNINGAR  
ALMENNAR AUGNLÆKNINGAR

Glæsibær, Vesturhús, 2. hæð • Álfheimar 74 • 104 Reykjavík  
Sími 414 7000 • augljós@augljós.is • www.augljós.is



# STAFRÆNT AÐGENGI ER SAMVINNA

Blindrafélagið hefur undanfarið gefið út myndbönd sem er ætlað að stuðla að aukinni tölvukunnáttu félagsmanna sinna. Aftur á móti getur hver sem er nýtt sér þau og eru þau aðgengileg á YouTube-rás Blindrafélagsins. En hver er ástæða þess að Blindrafélagið fór þá leið að útbúa slíkt efni?

Á sama tíma og Blindrafélagið beitir sér fyrir bættu aðgengi í hinum stafræna heimi væri það til einskis ef notendahópurinn okkar gæti ekki nýtt sér það til fulls. Blindrafélagið lítur þannig á það sem sitt hlutverk að stuðla að bættri tölvufærni blindra og sjónskertra á Íslandi og eru kennslumyndböndin sem félagið gefur út hluti af því verkefni.

Farið er um víðan völl í kennslumyndböndunum. Meðal annars er fjallað um hvernig má nota Windows-hnappinn við ýmsar flýtaðgerðir, kennslu á innbyggða stækkun í Windows-stýrikerfinu og stækkunarglerið, hvernig breyta má stærð og útliti bendils, hvernig setja skal upp talgervilsraddir og skjálestrarforrit í tölvu og hvað ber að kanna ef vandamál koma upp, eins og ef hljóðið dettur út.

Það er von okkar að þetta efni nýtist sem flestum til að efla tölvufærni sína því að á sama tíma og við gerum kröfu um að aðgengisstöðlum sé fylgt eftir af fyrirtækjum og stofnunum þurfum við sem einstaklingar að

vinna í að bæta okkar færni og getu til að halda í við þá hröðu stafrænu þróun sem er sífellt í gangi.

Lyklaborðskennsla fyrir blinda og sjónskerta Blindrafélagið hefur einnig sett upp vefsvæði með lyklaborðskennslu og æfingum fyrir blinda og sjónskerta á vefnum kennsla.blind.is. Hingað til hefur ekki verið til nein lausn á íslensku sem gerir blindum og sjónskertum kleift að æfa fingrasetningu á lyklaborði.

